

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. október 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-44/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á viðgerðarþjónustu sem keypt var af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að reikningur seljanda verði lækkaður.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar eftir lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt ákvæðum framangreindra laga og reglugerðar geta aðilar kaupa sem greinir á um réttindi og skyldur sínar samkvæmt lögum þessum snúið sér til kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa og óskað eftir álitsgerð nefndarinnar um ágreiningsefnið.

Ágreiningur aðila snýst um kaup á þjónustu, þ.e. viðgerð á heitum pott og eðli sínu samkvæmt ætti ágreiningurinn að falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Hins vegar ná þau lög einvörðungu til þjónustu sem neytendum er veitt, en neytandi er í lögunum skilgreindur svo að átt sé við einstakling sem er kaupandi þjónustu og að kaupin séu ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans. Reikningar þeir sem liggja fyrir í málinu eru stílaðir á einkahlutafélag, sem mun vera að hluta í eigu álitsbeiðanda. Kaup einkahlutafélaga á þjónustu geta skv. framansögðu ekki fallið undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Álitsbeiðandi heldur því fram að reikningarnir hafi fyrir mistök verið stílaðir á einkahlutafélagið en ekki hann persónulega. Álitsbeiðni var send seljanda til andsvara með bréfi dags. 23. júní. Í svari seljanda, dags. 1. júlí, hafnar seljandi þeim skýringum álitsbeiðanda og bendir á að sama fyrirkomulag hafi verið til staðar við fyrri viðgerðir framkvæmdar af seljanda, þ.e. að þá hafi reikningar verið sendur á umrætt einkahlutafélag og þeir reikningar greiddir án athugasemda. Andsvör seljanda voru send álitsbeiðanda til athugasemda með bréfi, dags. 18. september og honum gefinn frestur í 2 vikur til að koma að athugasemdum. Þrátt fyrir að hafa haft til þess tækifæri hefur álitsbeiðandi ekki gert athugasemdir við þessar fullyrðingar seljanda. Telur kæruneftndin því að ekki verið byggt á öðru en að kaupandi þjónustu nefnds seljanda hafi verið einkahlutafélagið Z, en ekki nefndur álitsbeiðandi.

Falla þannig viðskiptin ekki undir þjónustukaupalögin, nr. 42/2000. Þau falla heldur ekki undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup eða lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Af þessum ástæðum verður ágreiningi aðila þessa máls ekki skotið til kæruneftndar lausafjár og þjónustukaupa með ósk um að hún gefi álitsgerð um ágreininginn þar sem hann fellur utan valdsviðs nefndarinnar. Verður kæruneftndin því að vísa álitsbeiðninni frá sér, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir